

Bláskógabyggð
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss

Garðabær, 22. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0031
BK

Efni: Útey 2 – Nýtt deiliskipulag fyrir frístundasvæði

Vísað er í tölvubréf frá Bláskógabyggð sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 10. október 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundasvæði innan jarðar Úteyjar 2.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum málsins, nú síðast þann 25. október 2024 vegna [breytingar á aðalskipulagi fyrir Útey 2](#). Þar kemur fram að í skipulagsferlinu hefur verið tekið tillit til athugasemda Náttúrufræðistofnunar og fallið frá frístundasvæði í Ósholti og settir skilmálar um að óheimilt sé að reisa mannvirki innan við 100 metra frá vatnsbakka.

Stofnunin ítrekar mikilvægi þess að votlendi verði ekki raskað við framkvæmdirnar og þá væri einnig æskilegt að setja skilmála um að einungis megi gróðursetja innlendar trjátegundir við bústaði.

Enn fremur vill stofnunin hvetja sveitarfélagið og landeigendur við Apavatn til að skoða möguleika á stækkun hverfisverndarsvæðisins (HV9) svo það nái utan um stórt, samfellt svæði norðvestan vatnsins og þannig tryggja vernd verðmætra vistgerða og mikilvægra búsvæða fugla sem þar er að finna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar